

159

25. sept.

AUGLÝSING

um aukaverðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana.

Samkvæmt ályktun Alþingis 28. ágúst s.l. ber að greiða embættis- og starfsmönnum ríkis og ríkisstofnana aukaverðlagsuppbót á laun þeirra frá 1. júlí s.l. að telja. Nemur uppbót þessi 30% af fyrstu 2400 krónum grunnlauna, ásamt verðlagsuppbót af þeirri fjárhæð, eins og hún verður á hverjum tíma, en 25% af grunnlaunum frá 2400 krónum og allt að 10000 krónum, ásamt verðlagsuppbót, samkv. lögum nr. 48 1942. Uppbót þessi er nú fallin í gjalddaga fyrir mánuðina júlí—september incl.

Purfi skýringa eða fyrirmæla um útreikning eða greiðslu uppbótarinnar ber að snúa sér til fjármálaráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1942.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Sigurður Ólason.

160

25. sept.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 40 26. apríl 1935, um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum og bifreiðahjólbörðum.

1. gr.

Reglugerð nr. 40 26. apríl 1935, um einkasölu á bifreiðum, bifhjólum og bifreiðahjólbörðum, er úr gildi numin frá og með 26. þ. m. að telja og er því frá þeim tíma lögð niður Bifreiðaeinkasala ríkisins, sem fyrir ríkisstjórnarinnar hönd hefur haft einkasölu á vörum þeim, sem greindar eru í 1. gr. nefndrar reglugerðar.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar tveggja manna skilanevnd til þess að hafa á hendi fyrir ríkisstjórnarinnar hönd sölu á eignum bús bifreiðaeinkasöluinnar, innheimtu útistandandi skulda, greiðslu skulda einkasöluinnar og að lokum skil í ríkissjóð.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1942.

Jakob Möller.

Einar Bjarnason.